


Skólanámskrá Hvolsskóla

2020- 2021



GLEÐI, VIRÐING, VINÁTTA

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	3
SAGA HVOLSSKÓLA	3
GILDI OG FRAMTÍÐARSÝN HVOLSSKÓLA	5
SKÓLASTARFIÐ	5
Náms- og kennslufyrirkomulag	5
Nám og kennsla með hliðsjón af grunnskólalögum og grunnþáttum í menntun	5
Námsmat.....	8
Náms- og kennslugögn	10
Upplýsingagjöf um nemendur	10
SAMSTARF	11
Samstarf heimila og skóla	11
Samstarf Hvolsskóla og Leikskólans Arkar	11
Samstarf Hvolsskóla við framhaldsskóla.....	12
Samstarf við Tónlistarskóla Rangæinga.....	13
STRAUMAR OG STEFNUR - ÞRÓUNARVERKEFNI	13
Uppeldi til ábyrgðar	13
ART	13
Umhverfisstefna Hvolsskóla- grænfáni og GEO-UNESCO skóli	14
Umhverfisstefna Hvolsskóla - áhersluatriði	15
Heilsueflandi grunnskóli	15
Heilsustefna Hvolsskóla	15
Skólaþróun/mat á skólastarfi	16
Aðgerðaráætlun Hvolsskóla í eineltismálum.....	17
Áfalla- og rýmingaráætlun	20
Jafnréttisáætlun.....	20
Forvarnarstefna.....	20
Öryggis- og slysavarnir	20
Móttöku og tilfærsluáætlun	21
Innra mat.....	21
Agamál.....	21
Tengsl við nærsamfélagið	21

FORMÁLI

Skólanámskrá Hvolsskóla í Rangárþingi eystra er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla og gildir þessi útgáfa skólaárið 2020 - 2021 eins og hún er gefin út og kynnt á heimasíðu. Hún lýsir markmiðum skólans, inntaki náms og námsmati, starfsháttum og mati á árangri og gæðum skólastarfs. Hún tekur einnig mið af sérstöðu skólans og aðstæðum. Nú er skólanámskrá gefin út í þremur hlutum. Fyrstur er stefnumarkandi hluti skólanámskrárinnar en hann lýtur að skólastarfinu í heild. Annar hluturinn er starfsmannahandbók og sá þriðji eru námsvísar, hinar eiginlegu skólanámskrár, þar sem nánari lýsingu á námi og kennslu í hverjum árgangi og hópi er að finna. Að auki er gefin út starfsáætlun skólans.

Skólanámskrá er skrifleg, rökstudd lýsing á því sem gert er og gera á í skólanum og þarf að vera í sífelldri endurskoðun. Samvinna starfsfólks við gerð skólanámskrár er mjög mikilvægur liður í skólastarfinu. Skólanámskrá eykur líkur á því að samfella verði í öllu námi og þar með að allt skólastarf verði árangursríkara. Hún er grunnur undir þróunarstarf og mat á skólastarfi en einnig nauðsynlegt upplýsingarit fyrir alla þá er starfið í skólanum varðar.

Endurskoðun skólanámskrár fer fram á hverju ári. Afmarkaðir hlutar hennar taka breytingum árlega, og gæti sú vinna tengst að hluta til innra og ytra mati á skólastarfinu, á meðan sumt breytist lítið sem ekkert. Stefnt verður að því að endurskoðun skólanámskrár verði að mestu lokið í ágúst ár hvert og lokafrágangur verði í september/október. Þá er skólanámskráin send til fulltrúa skólaráðs, fræðslunefndar, sveitarstjórnar og annarra er málið varðar.

SAGA HVOLSSKÓLA

1. júní 1908 tóku gildi fyrstu fræðslulög á Íslandi. Með þeim var komið á almennri skólaskyldu barna á aldrinum 10 –14 ára og sveitarfélögum gert skylt að standa straum af menntun þeirra.

Af þessu tilefni var Hvolsskóla komið á og tók hann til starfa haustið 1908. Hann þjónaði eingöngu Hvolhreppi en þar voru á þessum tíma 28 jarðir í ábúð og 250–260 íbúar. Hvolsskóli mun þá hafa verið eini fasti skólinn í Rangárþingi. Skólahúsnæðið var gamla þinghúsið að Stórolfshvoli sem fékk nafnið Svartiskóli í daglegu tali vegna þess að húsið var tjargað að utan. Húsið hafði verið lagað og einnig voru smíðuð borð og bekkir. 21 barn var í skólanum þennan fyrsta vetur, fimm kennslustundir á degi hverjum sex daga vikunnar í sex mánuði. Börnin komu annan hvern dag í skólann, eldri og yngri til skiptis. Þau sem áttu lengst að fara þurftu að ganga hálfan annan klukkutíma hvora leið í öllum veðrum. Fyrsti kennarinn við skólann hét Jóhann Páll Pétursson og kenndi hann í tvo vetur.

Nemendafjöldinn hélst svipaður og skipulag allt næstu árin en kennarar stöldruðu fremur stutt við. Árið 1917 var brotið blað í sögu skólans en þá var ungur Rangæingur,

Sigfús Sigurðsson, ráðinn kennari. Hann átti eftir að setja svip sinn á skólann og héraðið í þau 32 ár sem hann starfaði sem kennari og skólastjóri við Hvolsskóla. Hann bjó á Þórunúpi og var um klukkustundar gangur hvora leið fyrir hann að mæta í skólann. Árið 1919 var gengið formlegar frá málefnum skólans, samþykkt ítarleg reglugerð um starfsemi hans, fyrsta skólanefndin kosin og Sigfús ráðinn skólastjóri. Skólinn þróaðist farsælega undir hans stjórn og mikil umhyggja var borin fyrir nemendum, einkum þeim yngstu. Árið 1927 var byggt nýtt skólahús, ein kennslustofa, áföst húsinu var leikstofa fyrir börnin og samkomu- og fundahús fyrir íbúa hreppsins, en Sigfús skólastjóri gerði sjálfur uppdráttinn. Fleiri námsgreinar bættust við þær lögbundnu svo sem smíði fyrir drengi, danska og enska. Vorskóli fyrir yngstu nemendurna og unglingskóli bættust einnig við. Vindrafstöð var sett upp við skólann árið 1940 og breytti hún miklu varðandi lýsingu í honum því áður höfðu verið olíulampar og síðar gasluktir. Árið 1944 var ákveðið að kaupa ný húsgögn í skólann enda voru gömlu húsgögnin að nálgast fertugsaldurinn, og auk þess voru komnir fleiri nemendur. Haustið 1949 varð mikil breyting í Hvolsskóla, en þá lést Sigfús skólastjóri. Hann hafði verið mikill atorkumaður og brautryðjandi í fræðslumálum sveitarinnar.

Árið 1950 var ráðist í endurbætur og viðbyggingu við skólahúsið. Þak hússins var hækkað og í rishæðinni var meðal annars komið fyrir kennarastofu og bókasafni. Í viðbyggingunni voru meðal annars snyrtingar og böð. Áður var búið að byggja hús fyrir skólastjórnann (1936). Þetta skólahús var síðan notað fram til ársins 1981 að flutt var í nýtt húsnæði. Árin 1950 til 1972 var Trúmann Kristiansen skólastjóri. Hann var einnig skólastjóri Tónlistarskóla Rangæinga 1965–1970. Þegar hann tók við voru 34 börn í skólanum og skólaskylda 7 ára og eldri. Eftir 1950 komu skólabílar til sögunnar og breytti það miklu fyrir börnin.

Árið 1966 var stofnaður Gagnfræðaskóli Hvolsvallar sem síðar varð safnskóli og tók við nemendum úr öðrum hreppum. Frá 1981 var hann í húsnæði sem er vestasti hlutinn af núverandi skólahúsnæði Hvolsskóla.

Árið 1992 voru Gagnfræðaskólinn á Hvolsvelli og Hvolsskóli sameinaðir og nafnið Hvolsskóli notað yfir nýja skólann. Unnar Þór Böðvarsson var ráðinn skólastjóri frá árinu 1994 og gegndi því starfi til 2009 þegar Sigurlín Sveinbjarnardóttir, var ráðin. Haustið 2015 tók núverandi skólastjóri við, Birna Sigurðardóttir.

Árið 2002 sameinuðust sveitarfélögin í austursýslunni í Rangárþing eystra. Í kjölfar þess voru skólarnir þar lagðir niður og færðir í Hvolsskóla. Þeir skólar voru: Grunnskóli V. -Landeyja (Njálsbúð), hann var lagður niður nokkru áður eða 1998 og fóru þá allir nemendur hans í Hvolsskóla; Grunnskóli A-Landeyja (Gunnarshólma), nemendur voru færðir í Hvolsskóla á árunum 2002–2006; Skógaskóli (gagnfræðaskólinn) var lagður niður haustið 2001; Barnaskóli Austur-Eyfellinga í Skógum hafði áður verið færður í Seljalandskóla (Heimalandi) en sá var lagður niður haustið 2006 og allir nemendurnir fóru í Hvolsskóla og Fljótshlíðarskóli, sem var að Goðalandi, var lagður niður 2005. Árið 2005 var glæsileg nýbygging Hvolsskóla tekin í notkun.

Nú eru um það bil 237 nemendur í Hvolsskóla og um 60 starfsmenn.

GILDI OG FRAMTÍÐARSÝN HVOLSSKÓLA

Börn í Hvolsskóla eiga rétt á að fá þá bestu menntun sem möguleg er hér á landi.

Í Hvolsskóla ríkir gagnkvæm virðing í samskiptum fólks sem birtist m.a. í starfsháttum meðal nemenda og starfsmanna sem einkennist af samvinnu og lýðræðislegri ákvarðanatöku.

Í Hvolsskóla er einstaklingurinn í brennidepli sem birtist í einstaklingsmiðuðu námi, samvinnu og sveigjanleika í kennsluháttum. Miða skal við þarfir og getu hvers og eins, með það að markmiði að stuðla að hámarksárangri.

Nemendur skulu tileinka sér sjálfsaga, sjálfsvirðingu og raunhæft sjálfsmat. Gagnkvæm virðing einkenni öll samskipti sem skilar sér m.a. í aukinni ánægju nemenda og kennara.

Í skólastarfinu er lögð áhersla á samvinnu við grenndarsamfélagið, að kalla eftir og virða skoðanir fólks í samfélaginu. Litið er á samfélagið allt sem námsvettvang fyrir nemendur.

Hvolsskóli er umhverfisvænn skóli. Námið er skipulagt í nánnum tengslum við umhverfið og náttúruna með virðingu fyrir hvorutveggja að leiðarljósi.

Gildi eða framtíðarsýn verður ekki að stefnu skóla við það eitt að vera sett á blað. Stefnan er það sem einstaklingarnir hugsa og hún verður ekki sameiginleg hópi kennara, hvað þá heilu skólasamfélagi, nema meirihlutinn sé henni samþykkur, geri hana að sinni og fylki sér um þau gildi sem hún byggir á. Þannig skapast hollusta og skuldbinding fagmanns við starf sitt. Það sem fær hann til að leggja sig varanlega fram er sú innri umbun sem veitir honum ánægjuna af því að tilheyra samfélagi fagmanna sem stefnir að sameiginlegu marki, sjá bættan árangur af starfi og sjá eigin menntasýn verða að veruleika.

SKÓLASTARFIÐ

Náms- og kennslufyrirkomulag

Nám og kennsla með hliðsjón af grunnskólalögum og grunnþáttum í menntun

Ný Aðalnámskrá frá 2011 kveður á um sex grunnþætti menntunar sem eiga að endurspeglast í öllu námi og starfi skólanna. Þessir grunnþættir eru:

- Læsi
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sjálfbærni
- Sköpun

24. gr. grunnskólalaga kveður nánar á ýmsa áhersluþætti í kennslunni sem eru jafnframt nánari útfærsla á grunnþáttum menntunar.

Í Aðalnámskrá frá 2011 er jafnframt rætt um lykilhæfni sem huga þarf einnig að í öllu starfi skólans. Hæfniviðmið fyrir lykilhæfni skiptast í fimm flokka og eru skilgreind við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Lykilhæfni skiptist í: tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýna hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi. Hugsa þarf að því í öllu starfi skólans eins og komið var að áður, og skapa þarf nemendum umhverfi sem stuðlar að þroska þeirra og undirbýr þá fyrir þáttöku í lýðræðissamfélagi.

Hvolsskóli býr yfir miklum mannauð sem felst í því unga fólki sem þar stundar nám og því starfsfólki sem vinnur við skólann. Samfélagið í kringum skólann er mikið fjölmenningsamfélag og getur verið skólanum styrkur sé rétt að málum staðið. Skólinn er einnig samsettur úr mörgum minni skólum úr héraðinu og því eru nemendur að koma um langan veg en á móti er meiri fjölbreytileiki í samfélaginu. Mikil og góð samvinna er við aðila í samfélaginu svo sem Leikskólann og aðra vinnustaði. Umhverfi okkar er einnig stórbrotið og mikil tækifæri til að nýta það við kennslu og störf og landfræðileg staða okkar merkileg og hefur vakið heimsathygli eins og kunnugt er. Horfum lítilliga til þess hvernig hinir sex grunnþættir endurspeglast í starfi Hvolsskóla:

Læsi:

Með hugtakinu læsi er ekki einungis átt við lestur rittákna heldur almenna læsi á umhverfi sitt og samfélag. Mikið er lagt upp úr öflugri lestrarkennslu í Hvolsskóla og sett lestrarstefna til að fylgja þeirri stefnumörkun sem best eftir. Mikil tæknivæðing hefur átt sér stað undangengin ár og enn bætir í þá þekkingu. Mikilvægt er að nemendur verði læsir á slíka miðla og læri að nýta sér tæknina en jafnframt noti hana á ábyrgan hátt. Hvolsskóli er vel tækjum búinn og vilji til að halda í við þróunina. Nemendur fá því tækifæri til að kynnst og læra á tæknimiðlana.

Heilbrigði og velferð:

Heilbrigði og velferð er býsna margslungin hugtök og eiga við andlega, félagslega og líkamlega vellíðan en auk þess taka þau til þátta svo sem vellíðan í samfélagi, þ.e. mannréttinda, jafnréttis og þess háttar. Hvolsskóli hefur gott aðgengi að sundlaug, íþróttahúsi og tækjasal. Einnig hefur sveitarfélagið lagt svo kallaðan heilsustíg um þorpið með ýmsum einföldum tækjabúnaði sem íþróttakennarar nýta í starfinu. Sérstök heilsuvika er í sveitarfélaginu á haustin og tekur Hvolsskóli virkan þátt til dæmis með því að allir nemendur og starfsmenn ganga á mismunandi fjöllum í héraðinu. Ávextir eru í boði skólans á morgnana, sem og hafragrautur einu sinni í viku fyrir hvert aldurstig. Mötuneyti er starfandi við skólann í samstarfi við leikskólann og leitast við að hafa sem hollastan mat á boðstólum. Ávallt er í boði grænmeti með matnum. Skólahjúkrunarfræðingur er starfandi við skólann og hefur viðveru einu sinni í viku. Skólinn starfar í anda Uppeldis til ábyrgðar og ART og fékk hann ART vottun vorið 2019. Hvolsskóli er einnig Heilsueflandi grunnskóli og er það innleiðingarferli í fullum gangi. Hvolsskóli á virka aðgerðaráætlun gegn einelti sem sérstakt eineltisteymi

Skólanámskrá Hvolsskóla
starfar eftir. Hvolsskóli sinnir auk þess útikennslu og vill nýta nærumhverfið til kennslu og náms og þannig auka hreyfingu nemenda og starfmannna.

Lýðræði og mannréttindi:

Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsendur lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif. Ein leið í átt að lýðræði er að leggja áherslu á samræður. Það er gert í Hvolsskóla í daglegum umsjónarstundum þar sem nemendur fá tækifæri til að tjá sig. Í Hvolsskóla er einnig áhersla á einstaklingsmiðað nám og fjölbreyttar valgreinar í boði á elsta stigi sem meðal annars ná út fyrir vegg skólans.

Jafnrétti:

Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta s.s. aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumála, ætternis og þjóðernis. Hvergi í skólastarfinu ættu að vera hindranir í vegi einstaklinga vegna ofangreindra þátta og með jafnréttismenntun skal skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum. Hvolsskóli er eins og aðrir grunnskólar, skóli án aðgreiningar og starfa í skólanum einstaklingar með mismunandi bakgrunn og mismunandi tungumál. Hjá sveitarfélaginu starfar tengiliður við innflytjendur á svæðinu og höfum við nýtt okkur krafta hans svo sem til að túlka og aðstoða okkur í samskiptum við foreldra. Umsjónarstundir á morgnana gefa færi á umræðum um jafnrétti. Trúabragðafræði er kennd upp skólagönguna. Kynjafræði er kennd í öllum bekkjum á miðstigi og sem valgrein í 8. - 10. bekk. Unnið er með kynjafræði í yngri bekkjum skólans í samfélagsfræðitímum.

Sjálfbærni:

Algengasti skilningur á hugtakinu sjálfbærni felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Hvolsskóli er grænánaskóli og stefnir á að fá afhentan grænánann í sjötta sinn haustið 2019. Vorið 2017 undirritaði Hvolsskóli einnig samkomulag við Kötlu jarðvang og er nú GEO-UNESCO skóli. Í Hvolsskóla er lögð áhersla á flokkun pappírs og lífræns úrgangs. Auk þess er áhersla á að spara vatn og rafmagn. Hvolsskóli er í góðu samstarfi við Landgræðsluna, Landvernd, Kötlu jarðvang og Skógræktina svo eitthvað sé nefnt og fer gjarnan að Tumastöðum að vinna verkefni sem og í nærumhverfið allt. Skólinn sinnir gróðursetningu og uppgræðslu og hefur góða útikennslustofu nærri skólanum. Einnig er verið að byggja upp útikennsluvæði við skólann og þar er meðal hænsnakofi. Árlega hefur 7. bekkur farið að Sólheimajökli að mæla hversu mikið jökullinn hopar á ári og þannig fræðst um loftslagsbreytingar. Það verkefni hefur hlotið mikla athygli og nær sú athygli vel út fyrir landsteinana. Einnig er unnið að vistheimtarverkefni við Berjanes en nemendur hafa þar tilraunablett og tilraunareiti. Verið er að kanna hvað virkar best við uppgræðlu til lengri tíma litið. Hvolsskóli er einnig þátttakandi í slíku verkefni við Hekluskógan en þar er munurinn

Skólanámskrá Hvolsskóla sá að nemendur nota hvaða aðferð sem hentar og skrá ekki aðgerðir né niðurstöður vísindalega. Hvolsskóli hafði frumkvæði að flokkun en í dag er samfélagið allt þátttakandi í að flokka rusl. Nýjasta verkefnið er í tengslum við skipulags- og uppbyggingarvinnu í Tunguskógi í samstafi við sveitarfélagið en til stendur að útbúa þar útivistarsvæði fyrir fjölskyldur. Vinnan þar er hafin og komin vel af stað.

Sköpun:

Sköpun er mikilvægur þáttur í öllu námi og starfi, ekki einungis í listmenntun. Í Hvolsskóla er starfsfólk duglegt að sækja endurmenntun og þannig víkka það út sjóndeildarhring sinn. Skólinn er einnig í góðu samstarfi við nærsamfélagið. Hvolsskóli hefur verið með mikla dagskrá á Degi íslenskrar tungu. Þemadagar hafa verið þrjú daga á vorönn þar sem jafnan fer mikil sköpun. Vert er einnig að nefna árshátíðir, bæði hjá yngsta- og miðstigi, þátttöku skólans í skólahreysti sem og ýmsum tónlistarviðburðum sem og samstarfi við tónlistarskólann í tengslum við forskóla nemenda í 2.-4. bekk. Verkgreinar, að undanskilinni tónmennt, eru kenndar í smiðjum þar sem um 10 nemendur eru saman í hóp. Einnig hafa skólarnir í Rangárþingi staðið að sameiginlegri listahátíð einu sinni á ári, þar sem nemendum skólanna í 8.-10. bekk gefst færi á að kynnast fjölbreyttari sköpun.

Nú hefur verið stiklað á stóru um hvernig Hvolsskóli stendur ef horft er til grunnþátta í menntun. Skólastarf er í stöðugri þróun og mikilvægt að skoða reglulega hvað má betur fara og vinna að þeim markmiðum.

Námsmat

Skólaárið skiptist í þrjár annir, haustönn (24. ágúst – 10. nóvember) miðönn, (16. nóvember – 17. febrúar) og vorönn (23. febrúar – 21. maí). Í lok hvernar annar er námsmat hjá nemendum.

Megintilgangur námsmats er að fylgjast með því hvernig sérhverjum nemanda tekst að ná námsmarkmiðum og örva hann til framfara. Til þess þarf námsmat að vera hluti af daglegu starfi, einstaklingsmiðað, fjölbreytt, leiðsagnarmiðað og fela í sér sjálfsmat.

„Mat á hæfni og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Námsmat á einnig að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir, sem meðal annars má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms“ (Aðalnámskrá grunnskóla maí 2011).

HVERS VEGNA AÐ META?

- Skerpa áherslur og væntingar um árangur nemenda og skólans í heild.

- Gera kennurum kleift að ákveða næstu skref í námi nemenda, aðlaga efni og aðferðir og stuðla að markvissari vinnubrögðum.
- Leggja grunn að námsvitund nemenda og veita þeim tækifæri til að fylgjast með, íhuga eigið nám á gagnrýninn hátt og gera sér grein fyrir næstu skrefum.
- Upplýsa foreldra/forráðamenn og nemendur um hvort viðhlítandi árangri hafi verið náð.

HVERNIG ER ENDURGJÖF HÁTTAÐ?

- Allir nemendur fá formlegar upplýsingar um stöðu sína að minnsta kosti þrisvar yfir skólaárið. Kennarar leitast við að gefa nemendum og foreldrum þeirra leiðsegjandi mat á stöðu sinni í þeim tilgangi að setja markmið fyrir framhaldið.
- Þrisvar á skólaárinu eru viðtöl við nemendur og foreldra í tengslum við námsmat og markmið sett fyrir framhaldið. Símat er meðal annars birt í Námfús sem verkefnabók.
- Birtingarform lokamats hjá 10. bekk er í formi einkunna í bókstöfum A, B+, B, C+, C, D. Það er byggt á niðurstöðum fjölbreytts námsmats sem unnið hefur verið með á skólaárinu.

FRAMSETNING NÁMSMATS

- Í nóvember, febrúar og í maí er formlegt námsmat afhent í öllum bekkjum í öllum greinum.
- Matið byggist á:
 - Lykilhæfni í námi: Ábyrgð; dugnaður og þrautseigja; frumkvæði og áræðni; jákvæðni og framkoma; námsvitund; samskipti og samstarf; tjáning; upplýsinganotkun.
 - Hæfni nemenda, leikni og skilningi innan hvers námssviðs, jafnt í bóklegu námi, verk-og listnámi.
 - Verkefni og vægi þeirra eru skráð í verkefnabók og athugasemdir með þegar útskýra þarf einkunn.

MATSKVARÐI

Innan hvers námssviðs er sérstakur matskvarði skilgreindur í fjórum flokkum með einkunum frá 0 – 10. Með honum er annars vegar lagt mat á hvernig nemendum gengur að ná hæfniviðmiðum hvers námssviðs og hins vegar lykilhæfni nemenda.

Við lokamat í nóvember, febrúar og að vori skal eftirfarandi kvarði notaður. Kvarðann má einnig nota við annað námsmat.

Kvarði	Námssvið	Lykilhæfni
90– 100%	Framúrskarandi hæfni og frammistaða	Gerir sitt allra besta með hliðsjón af

9 - 10	Í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.	viðmiðum um lykilhæfni.
70 -89% 7 – 9	Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.	Gerir vel með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni.
50-69% 5 – 7	Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.	Leggur sig þokkalega fram með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni.
0-49% 0 – 5	Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.	Leggur sig lítið fram með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni ábótavant.

Náms- og kennslugögn

Leitast er við að í skólanum sé alltaf til úrval náms- og kennslugagna. Miklir fjármunir liggja í bókakostinum svo þörf er á aðhaldi og einnig er nauðsynlegt að hafa yfirsýn yfir það sem til er. Út eru gefnar bæði einnota og margnota bækur. Kennarar innheimta margnota bækur frá nemendum að notkun lokinni. Kennsluleiðbeiningar, myndbönd og kennsluforrit eru að mestu að finna á netinu en einnig er eitthvað geymt á bókasafni og skráð þar inn og út. Skólinn er einnig vel tækjum búinn.

Upplýsingagjöf um nemendur

Reglugerð 897/2009 kveður á um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín. Þegar nemandi kemur í 1. bekk úr Leikskólanum Örk er skilafundur þar sem farið er yfir stöðu hvers og eins nemanda til að brúa sem best á milli skólastiga. Gögn svo

Skólanámskrá Hvolsskóla sem niðurstöður úr Hljóm-2 fylgja með barninu, TRAS niðurstaða, MOT hreyfipróf, skriflegar upplýsingar frá leikskólakennara sem og niðurstöður annarra greininga ef þær eru fyrir hendi. Ef nemandi kemur úr öðrum leikskóla eru nauðsynlegar upplýsingar sendar til skólans. Þegar nemandi færast á milli grunnskóla eru nauðsynlegar upplýsingar sendar í viðtöku grunnskólann þegar fyrir liggur hver hann er. Viðtökuskóli kvittar fyrir móttöku á gögnunum og sendir kvittunina til baka. Þegar foreldri óskar eftir því, eru greiningargögn og aðrar upplýsingar sendar til framhaldsskólans. Einkunnir fara í gegnum skráningarkerfi skólans.

Öll gögn nemenda eru geymd í persónumöppu þeirra í læstum skjalaskáp hjá stjórnendum. Tveimur árum eftir útskrift nemenda úr grunnskóla fara gögnin í vörslu á Héraðsskjalasafnið á Skógum.

Foreldrar geta alltaf óskað eftir að sjá eða fá afrit af gögnum barna sinna. Nemendur sjálfir geta fengið afrit af gögnum sínum eftir 18 ára aldur og þá frá Skjalasafninu.

SAMSTARF

Samstarf heimila og skóla

Foreldrasamstarf er einn af hornsteinum skólastarfsins. Uppeldis- og fræðsluhlutverk skóla þarf að leysa af hendi í nánú samstarfi við foreldra. Því ber að stuðla að því að hafa foreldrasamstarf sem mest og jákvæðast á öllum stigum skólans. Í grunnskólalögum nr. 91, 12. júní 2008 er kveðið á um breytingar á fyrirkomulagi samkvæmt 8. og 9. grein laganna þar sem talað er um að starfa skuli skólaráð við skólann sem og foreldrafélag.

Samstarf Hvolsskóla og Leikskólans Arkar

Mikið og gott samstarf er milli Hvolsskóla og Leikskólans Arkar og er til að mynda mikil vinna lögð í að brúa bilið milli skólastiganna tveggja. Reglulegar heimsóknir eru á milli 1. bekkjar og elsta árgangs á leikskólanum. Bæði fer 1. bekkur í heimsókn á leikskólann en þegar líða fer á skólaárið kemur elsti árgangurinn í skólann og starfar þar í nokkur skipti með 1. bekk. Leitast er við að ákveða strax í mars hver verður umsjónarkennari í 1. bekk um haustið til að styrkja böndin á milli þess kennara og nemendanna strax. Haldin eru skólafærninámskeið til að brúa bilið á milli skólanna og er þá ekki síst verið að huga að foreldrum og starfsmönnum skólanna. Þau eru þannig skipulögð í vetur að Skólafærninámskeið I er haldið í leikskólanum að hausti og farið yfir þá þætti sem lögð er áhersla á það árið í leikskólanum og samstarf skólanna kynnt. Í mars er haldinn annar hluti námskeiðsins og þá í Hvolsskóla. Á þeim hluta er farið almennt yfir starfsemina í skólanum, rætt um mikilvægi lestrar. Fer skólastjóri yfir ytri ramma skólastarfsins og deildarstjóri sérkennslu leggur áherslu á lestur og lestrarnám. Á skólafærninámskeiði III mæta börnin með foreldrum sínum. Farið er í ratleik um skólann og haft gaman. Börn og foreldrar kynnast húsnæðinu, fá tækifæri til að spjalla saman og vera saman. Markmið þessara námskeiða er ekki síður að hrista saman foreldra en börn og eyða þeirra kvíða við grunnskólabyrjun barnanna. Einnig hafa skólarnir verið að þróa með sér samstarf á öðrum sviðum og má nefna að skólarnir eru í samstarfi hvað varðar heilsueflandi leik- og grunnskóla, sameiginleg

Skólanámskrá Hvolsskóla ráðstefna um lestur og læsi var haldin haustið 2016 með skólaþjónustunni, sameiginlega ráðstefnu um stærðfræði og stærðfræðinám sem haldin var haustið 2019, skóladagatölin eru sett upp í samstarfi í þeim tilgangi að hafa starfsdaga á sama tíma, bæði til að minni röskun verði fyrir foreldra en einnig til að auka möguleikann á samstarfi milli skólanna. Á sameiginlegum starfsdögum hafa starfsmenn til að mynda setið á sameiginlegum námskeiðum en nú er einnig horft til þess að skólarnir vinni saman að endurgerð lestrarstefnunnar í báðum skólum nú í haust.

Markmið með samstarfi skólastiganna er:

- Að stuðla að vellíðan og öryggi nemenda á mörkum skólastiga og foreldra þeirra
- Að væntanlegir nemendur fái margvísleg tækifæri til að kynnst aðstæðum og umhverfi grunnskólans
- Auðvelda grunnskólakennara að byggja á því sem nemendur hafa lært í leikskólanum og miða þannig að aukinni samfellu milli skólastiganna
- Stuðla að samstarfi starfsmanna beggja skólastiga og auka skilning og virðingu þeirra fyrir starfi hvers annars

Samstarf Hvolsskóla við framhaldsskóla

Nemendur fá almenna kynningu á valmöguleikum í framhaldsskólanámi í náms- og starfsfræðslu og fá einnig senda glærुकynningu sem tekur til allra framhaldsskóla á Íslandi. Einnig eru opin hús framhaldsskólanna auglýst í skólanum. Nemendur í 9. og 10. bekk heimsækja FSu og ML og fá þar kynningu á námi, félagslífi og allri aðstöðu. Alla jafna koma náms- og starfsráðgjafar þessara skóla einnig í heimsókn í Hvolsskóla og kynna skóla sína inni í kennslustund þegar nær dregur útskrift og umsókn um framhaldsskóla. Heimsóknir frá öðrum skólum eftir því sem býðst. Skipulögð er heimsókn fyrir nemendur sem munu innritast á starfsbraut FSu þar sem þeim gefst sérstaklega tækifæri á að skoða og kynnst skólanum ásamt kennara úr grunnskólanum og eftir atvikum náms- og starfsráðgjafa.

Öllum nemendum býðst að nýta sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa við val á framhaldsnámi. Náms- og starfsráðgjafi leitast einnig við að byggja upp tengslanet við framhaldsskóla víða á landinu og aflar upplýsinga ef óskað er eftir. Faggreinakennarar sækja eftir því sem þeir hafa tök á samráðsfundi í FSu þar sem kennarar á báðum stigum miðla upplýsingum um markmið og kennsluaðferðir á mótum skólastiganna.

Nemendum sem gengur vel í námi og náð hafa lokamarkmiðum 10. bekkjar í kjarnagreinum við lok 9. bekkjar eða um áramót í 10. bekk býðst að taka framhaldsskólaáfanganna í fjarnámi við Framhaldsskóla Suðurlands (FSU). Þeir fá aðgang að kennsluumhverfi skólans á netinu (Moodle eða Inna), þar sem þau geta fylgst með og fengið áætlanir í viðkomandi fagi. Nemendur skila verkefnum, taka kaflapróf, og/eða lokapróf skv kennsluáætlun áfanganna. Nemendur þurfa að bera ábyrgð á námi sínu og halda áætlun en fá tíma og aðstoð innan skólans til að sinna námi sínu.

Samstarf við Tónlistarskóla Rangæinga

Nemendum í 2.-4. bekk býðst að læra á hljóðfæri við forskóla tónlistarskólans. Nemendur í þeim árgöngum fara þá eina kennslustund í viku í forskólann. Einnig gefst nemendum, sér í lagi þeim sem búsettir eru í sveitinni, færi á að stunda nám á kennslutíma við tónlistarskólann. Það krefst þó alltaf samþykkis og undirritun foreldra.

STRAUMAR OG STEFNUR - ÞRÓUNARVERKEFNI

Uppeldi til ábyrgðar

Uppeldi til ábyrgðar/uppbyggingarstefnan er uppeldisstefna sem hefur verið að ryðja sér til rúms hér á landi síðan haustið 2000. Stefnan er upprunnin í Bandaríkjunum og er einkum byggð á kenningum Williams Glasser geðlæknis. Diane Gossen einn helsti forsvarsmaður stefnunnar og samstarfsfólk hennar hefur unnið frumkvöðlastarf með þessa aðferðarfræði í þeim tilgangi að hafa áhrif á skólamenningu og agastjórnun.

Uppeldi til ábyrgðar byggist á ákveðinni samskiptatækni sem hjálpar nemendum og starfsfólki skólans að eiga jákvæð samskipti. Hver og einn tekur ábyrgð á sinni hegðun og allir fá að vaxa og njóta sín. Stefnan snýst um að kenna börnum og unglingum að beita sig sjálfsaga í samskiptum við aðra. Lögð er áhersla á lífsgildi sem hver og einn velur sér og hefur að leiðarljósi. Reglum er fækkað en þær styrktar, svo allir þekki og viti hvað gerist ef þær eru brotnar. Reglurnar standa vörð um lífsgildin og skapa örugga fótfestu. Mikilvægt er að hafa í huga að allir geta gert mistök, það skiptir miklu máli að gera sér grein fyrir hvenær mistök hafa átt sér stað og leita lausna til að bæta fyrir mistökin og læra af þeim.

Nemendur vinna bekkjarsáttmála að hausti og ræða hlutverk nemenda og starfsfólks. Við vinnu á skólareglum, öryggisreglum og skýrum þolmörkum voru áhersluatriði Uppeldi til ábyrgðar höfð að leiðarljósi. Gildi skólans voru valin á UTÁ þingi þar sem fulltrúar nemenda og starfsfólks funduðu. Gildi skólans eru: Gleði, vinátta og virðing.

ART

Skólaskrifstofa Suðurlands hóf að vinna með hugmyndafræðina ART (Aggression Replacement Training) fyrst allra hér á landi árið 2006. ART kemur upphaflega frá Bandaríkjunum og eru höfundar Arnold Goldstein, Barry Glick og John C. Gibbs. ART er byggt á ólíkum stefnum og straumum úr sálfræðinni og er fastmótað, uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það markmið að fyrirbyggja ofbeldi og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda.

Í ART tímum er farið yfir helstu atriði félagsfærni, sjálfstjórnar og siðferðis. Í félagsfærni er unnið með ýmis konar færniþætti þar sem lögð er áhersla á sýnikennslu. Markmiðið er að hjálpa nemendum að temja sér betri samskiptafærni og ná árangri í skóla. Unnið er með tilfinningastjórn í sjálfstjórnartímum, að nemendur læri að þekkja tilfinningar sínar og komi þannig í veg fyrir að þeir missi stjórn á skapi sínu. Í siðferðistímum er unnið að því að efla siðferðisþroska nemenda og þeim leiðbeint við rökhugsun og rökræður.

Skólanámskrá Hvolsskóla
Samvinna heimilis og skóla skiptir miklu máli svo að yfirfærsla geti orðið úr ART tímum yfir í daglegar aðstæður innan sem utan skólaumhverfisins. Margir úr starfslíði skólans hafa náð sér í ART réttindi og ART tímar hafa verið í stundatöflu hjá öllum bekkjum síðan haustið 2015. Hvolsskóli fékk ART vottun vorið 2019.

Umhverfisstefna Hvolsskóla- grænfáni og GEO-UNESCO skóli

Umhverfi og náttúra hafa mjög mótandi áhrif á líf manna. Að hafa skilning á þeim lögmálum sem þar ríkja ásamt því að bera virðingu fyrir þeim er aldrei mikilvægara en nú og því leggur Hvolsskóli áherslu á umhverfismennt og útikennslu. Hvolsskóli er grænfanaskóli en einnig GEO-UNESCO skóli í samstarfi við Kötlu jarðvang.

Meðal fastra verkefna sem Hvolsskóli sinnir eru mælingar á Sólheimajökli, vistheimt lands í samstarfi við Landvernd og uppbygging í Tunguskógi.

Matarafgöngum er komið aftur í hringrásina með ýmsu móti. Meðal annars var unnið að moltugerð þeirra í stórum körum, ávaxtaafgangur fer í ormamoltugerð og hænsnakofa hefur verið komið upp við skólann og fer hluti afganganna þangað. Þar eru 9 hænur, tveir árgangar páskaunganna og sjá þær heimilisfræðinni fyrir eggjum.

Hvolsskóli fékk afhentan Grænfanann í sjötta sinn í febrúar 2020.

Umhverfismennt

Í umhverfismennt byggir Hvolsskóli stefnu sína á þeirri hugmyndafræði að nemendur upplifi og njóti þess sem er athyglisvert, skemmtilegt og fallett í náttúrunni sem mest á vettvangi.

Skólinn leggur áherslu á að efla með nemendum sínum virðingu fyrir umhverfinu, hjálpa þeim að skilja almenn náttúrulögmál, samhengi í náttúrunni og hringrásir hennar og þarfir allra lífvera.

Lögð er áhersla á að nemendur uppgötvu og njóti margbreytileika og fegurðar íslenskrar náttúru sem best og öðlist staðgóða þekkingu á henni.

Í Hvolsskóla er lögð áhersla á að nemendur og starfsmenn flokki úrgang til endurvinnslu og endurnýtingar.

Útikennsla

Lögð er áhersla á útikennslu í sem flestum námsgreinum og á Hvolsskóli nýja útikennslustofu og ræktunarsvæði í um tveggja mínútna gang frá skólanum. Einnig var byrjað á að byggja upp útisvæði við skólann síðasta vetur. Á því svæði er meðal annars hænsnakofinn.

Í skólanum er lögð áhersla á að nýta fjölbreytt umhverfi til að auðga kennslu skólans og tengja hana samfélagi og náttúru.

Einnig er lögð áhersla á útiveru nemenda og stuðla þannig að bættu heilsufari þeirra, bæði til líkama og sálar.

Umhverfisstefna Hvolsskóla - áhersluatriði

Hvolsskóli setti sér umhverfisstefnu haustið 2006. Aðal áhersluatriði í umhverfisstefnu skólans eru fyrst og fremst þau að:

- Spara pappír, nýta hann vel og nota blöð báðum megin.
- Flokka afgangspappír í þar til gerða dalla í: pappír til endurvinnslu í skólanum, gæðapappír (blöð og tímarit) og pappír til niðurrifs.
- Auka jafnt og þétt flokkunina; flokka pappír, plast, lífrænt og minnka þannig almennt sorp.
- Draga úr notkun einnota umbúða - skólamjólk er keypt í 10 l umbúðum og nemendur drekka úr glösum sem þvegin eru á staðnum.
- Skola allar fernur sem berast í hús og fara með í endurvinnslu.
- Jarðgera alla lífræna afganga, svo sem afganga af ávaxtastund, matarafgangum úr eldhúsi og sag úr smíðastofu.
- Gæta þess að spilliefni fari ekki í almennt rusl (málning og fleira).
- Spara rafmagn - nota dagsbirtu og hafa slökkt í herbergjum þar sem enginn er að störfum og slökkva á tækjum sem ekki er verið að nota.
- Draga úr vatnsnotkun og láta vatnið ekki renna að óþörfu.
- Hvetja nemendur og starfsfólk til að draga úr notkun mengandi efna í skóla jafnt sem heima fyrir og bæta heilsuna með því að ganga eða hjóla í skólann sé þess kostur.
- Unnið að minnkun matarsóunar og leiðir farnar til að koma matarafgöngum aftur í hringrásina.

Heilsueflandi grunnskóli

Haustið 2016 sótt Hvolsskóli um þátttöku í þróunarstarfi Heilsueflandi grunnskóla sem Embætti landlæknis og mennta- og menningarmálaráðuneytið standa að. Fjölmargir hagsmunaaðilar komu að þessu þróunarstarfi einnig og studdust þeir við útgefið efni frá Heilsueflandi skóla í Evrópu (Schools for health in Europe Network). Þátttaka í Heilsueflandi grunnskóla er ætlað til þess að styðja grunnskóla til þess að vinna markvisst að heilsueflingu í sínu starfi. Skapa skólabrag sem hugar að heilsu og velferð allra nemenda. Markmiðið er að bæta andlega, líkamlega og félagslega heilsu og vellíðan allra.

Hvolsskóli myndaði stýrihóp sem ber ábyrgð á framvindu verkefnisins og sér einnig um að virkja viðeigandi hagsmunaaðila. Innleiðingaferli getur tekið 5-6 ár og á meðan það ferli stendur yfir getur Hvolsskóli talað um að hann „*vinni í anda Heilsueflandi grunnskóla.*“ Þegar öll viðmið um heilsueflandi grunnskóla hafa öðlast virkan sess í starfinu og námskrá skólans öðlast Hvolsskóli rétt til þess að skilgreina sig sem „*Heilsueflandi grunnskóli.*“

Heilsustefna Hvolsskóla

Allir starfsmenn og nemendur hjálpast að við að skapa jákvæðan skólabrag sem hlúir að þroska og heilbrigði allra þátta. Góð heilsa, líkamleg, andleg og félagsleg hefur

jákvæð áhrif á námsárangur. Í Hvolsskóla er heilsustefnan samtvinnuð skólastarfinu í heild því sérhver hlekkur er mikilvægur í því að efla heilsuna. Skólaumhverfið er mikilvægur þáttur í heilsueflingu og er gott aðgengi að sundlaug, íþróttahúsi, tækjasal og er allt umhverfi skólans gott til hreyfingar. Boðið upp á fríar hollar millimáltíðir og kappkostað að hafa holla fjölbreytta næringu fyrir alla í skólamötuneytinu.

Hvolsskóli leggur áherslu á eftirfarandi heilsueflandi þætti:

- Hreyfingu
- Jákvæða sjálfsmynd
- Holla og rétta næringu
- Andlega vellíðan

Til þess að ná fram þessum þáttum er tekið mið af þörfum allra barna og ungmenna á einstaklingsbundinn hátt. Reynt að skapa daglegar venjur og að allt starf ýti undir að styrkja þessa fjóra áherslupætti.

Heilsustefnan er í sífelldri þróun sem og markmið heilsueflandi markmið Hvolsskóla í takt við aðra framþróun og áherslubreytingar sem verða í skólasamfélaginu.

Skólaþróun/mat á skólastarfi

Grundvöllur skólaþróunar er skólanámskráin sem er í sífelldri endurskoðun. Skipulagt, kerfisbundið innra mat á skólastarfinu þarf alltaf að vera virkt og leitast skal við að hafa fagmennsku í fyrirrúmi í öllum störfum. Þróunarstarf í einstökum greinum, hópum eða á stigum er jákvætt í skólastarfinu og ætti að kynna það innan skóla og utan. Stefnt skal að því að hafa skólann alltaf það lifandi námssamfélag sem honum ber að vera. Í grunnskólalögum er kveðið á um að hver skóli skuli innleiða sjálfsmat á skólastarfinu. Menntamálaráðuneytið hefur eftirlitsskyldu með þeim þætti og mun á nokkurra ára fresti gera úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem viðhafðar eru í skólanum. Haustið 2017 var framkvæmt ytra mat í Hvolsskóla og í kjölfar þess var niðurstöðum skilað til skólans. Unnin var úrbótaáætlun í kjölfar þess sem unnið hefur verið eftir.

Núverandi sjálfsmatsáætlun nær til 2022 og verður unnið eftir henni auk þess sem ákveðnir þættir úr sjálfsmatsskýrslu skólans 2019-2020 eru skoðaðir frekar og unnið að úrbótum. Niðurstöður kannana verða teknar saman jafnóðum og þær eru framkvæmdar og á vordögum í ár er skrifuð sjálfsmatsskýrsla fyrir allt skólaárið, ásamt úrbótatillögum. Skýrslan er birt á heimasíðu skólans: <http://hvolsskoli.is/?c=webpage&id=65&lid=60&pid=42&option=links> Mikilvægt er að bregðast við ef í ljós kemur að tilteknir starfshættir eru undir þeim viðmiðum sem settar hafa verið um árangur.

Sjálfsmatshópin skipa; Auður Friðgerður Halldórsdóttir, Asta Johanna Furuhjelm Laukkanen, Guri Hilstad Ólason, Pálína Björk Jónsdóttir og Sigulaug Maren Guðmundsdótti. Guri Hilstad Ólason er formaður hópsins.

Aðgerðaráætlun Hvolsskóla í eineltismálum

Stefnuyfirlýsing

Hvolsskóli á að vera öruggur og uppbyggilegur vinnustaður. Daglegt líf og starf mótast af virðingu og umhyggju. Áhersla er lögð á að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt.

Hvað er einelti?

Einelti er endurtekið ofbeldi, líkamlegt eða andlegt þar sem einn eða fleiri níðast á öðrum.

Einelti birtist í mörgum myndum s.s. ;

- Líkamlegt: barsmíðar, spörk, hrindingar. Líkamlegir yfirburðir notaðir með niðurbrjótandi hætti.
- Munnlegt: uppnefni, raddblær, eftirhermur, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni.
- Skriflegt: krot og bréfasendingar, sms – skilaboð, og margs konar neteinelti.
- Óbeint: baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahópi, augngotur, svipbrigði, afskiptasemi og ráðríki.
- Efnislegt: eigum barnsins stolið eða þær eyðilagðar.
- Andlegt: þegar barnið er þvingað eða hvatt til að gera eitthvað sem stríðir gegn vilja þess. Ef samskipti valda vanlíðan eða óöryggi og verða niðurbrjótandi með einhverjum hætti.

Höfum hugfast:

- Þolendur treysta því sjaldan að lausn felist í að segja frá. Þvert á móti óttast þeir að ástandið versni eða vari lengur.
- Ræðum við börnin um muninn á því að klaga og segja frá.
- Með því að segja frá er hugsanlega verið að koma öðrum, sem líður illa, til aðstoðar.
- Fylgjumst vel með tölvu- og símanotkun barnanna.

Er barnið lagt í einelti?

Hugsanlegar vísbendingar:

- Barnið virðist einangrað eða einmana.
- Barnið er ólíkt sjálfu sér.
- Breyting á viðbrögðum, andsvörum og líðan.
- Barnið færir undan því að fara í skólann.
- Barnið er oftar í varnarstöðu.
- Breytt viðhorf eða hegðun gagnvart félögum eða vinahóp.
- Skortur á einbeitingu, minni metnaður.

- Barnið er hrætt við að ganga eitt í skólann eða heim.
- Breytingar á skapi, viðkvæmni, jafnvel grátur.
- Árásargirni eða erfið hegðun.
- Lítið sjálfstraust, hræðsla, kvíði, svefntruflanir, líkamleg vanlíðan, veikindaforföll eða önnur undanbrögð.
- Breyttar matarvenjur, lystarleysi eða ofát.
- Áverkar, rifin fót eða skemmdar eigur.
- Barnið týnir peningum eða öðrum eigum.
- Barnið forðast ákveðnar aðstæður í skólanum, t.d. leikfimi, sund og félagsstörf.
- Barnið færir undan að segja frá.

Hvað getum við gert?

- Rætt við og hlustað á barnið segja frá skólanum.
- Kynnt okkur viðbragðsáætlun skólans gegn einelti.
- Haft samband við umsjónarkennara eða stjórnendur skólans.
- Brugðist við vanda barnsins með umhyggju.
- Látið barnið finna að það eigi vísan stuðning.
- Tilkynnt skólanum um grunsemdir okkar.

Leggur barnið aðra í einelti?

Hugsanlegar vísbendingar:

- Barnið sýnir yfirgang.
- Barnið uppnefnir, stríðir, ögrar og baktalar.
- Barnið er afskiptasamt í vinarhópi.
- Barnið er ógnandi í samskiptum.
- Barnið talar niðrandi um aðra.

Forvarnir

Mikilvægt er að börn séu alin upp við jákvæða athygli. Í Hvolsskóla er lagt upp með umburðarlyndi og að virðing sé borin fyrir öðrum.

Áherslur skólans og fyrirbyggjandi aðgerðir:

- Áhersla á jákvæðan brag og almenna tillitsemi.
- Gott samstarf heimilis og skóla frá upphafi skólagöngu.
- Reglulegar heimsóknir frá sérfræðingum sem koma að eineltismálum og öðrum sem hafa orðið fyrir einelti. Að minnsta kosti á þriggja ára fresti þ.e. einu sinni á hverju stigi.
- Opin umræða um einelti. Hvetja nemendur til að hugleiða stöðu sína og tjá sig.
- Stuðningur við kennara og aðra starfsmenn með menntun og fræðslu.
- Árlegar kannanir um líðan og félagslega stöðu. Ef kannanir gefa ástæðu til skal hafa samband við foreldra og kallað eftir frekari upplýsingum.
- Nýir nemendur fá ávallt stuðningsaðila innan bekkjarins.
- Gott samstarf á milli bekkjardeilda.

- Góð aðstaða og góðar leikjastöðvar í frímínútum.
- Virk gæsla í vinnuhléum, á göngum, í matsal, á útisvæðum og íþróttahúsi.
- Aðilar skólans upplýsi hver annan og með ábyrgum hætti.
- Samstarf og miðlun upplýsinga milli skóla íþróttamiðstöðvar og félagsmiðstöðvar.
- Regluleg endurskoðun á aðgerðaáætlun Hvolsskóla gegn einelti.
- Hver bekkur vinnur að bekkjarsáttmála í upphafi skólaárs.
- Aðhald og stuðningur við góða hegðun nemenda í umhverfi skólans og hvar sem verið er á vegum skólans.
- Umsjónarkennarar ræða við nemendur um ýmis mál og leysa úr ágreiningsmálum ef það á við.
- Eftirlit með líðan nemenda í skólanum.
- Hvetja nemendur og foreldra til að láta vita ef grunur er um vanlíða eða einelti.
- Tengslakönnun gerð í bekkjum árlega.

Eineltisteymi skólans starfar á ábyrgð skólastjórnenda. Teymið samanstendur af þremur aðilum innan skólans. Áhersla hefur verið á að færa ábyrgð á málsmeðferð af Umsjónarkennurum til eineltisteymis. Eineltisteymið bregst við þegar tilkynnt er um mögulegan samskiptavanda eða einelti. Unnið er með starfsfólki skólans og foreldrum eftir eðli mála hverju sinni.

Viðbrögð

Eineltismál sem upp koma geta verið ólík. Í öllum tilvikum skal bregðast skjótt við og setja vinnuferlið af stað.

Vinnuferli skólans skiptist í:

- Könnun/rannsókn. Með samstilltu verkefni er reynt að fá skilning á raunveruleika málsins.
- Framhald. Uppbygging, stuðningur, gæsla ofl. eftir því sem þykir vænlegast í ljósi niðurstöðu rannsóknar
- Eftirfylgd. Reynt að tryggja velferð til lengri tíma.

Allir geta tilkynnt

Ef grunur er um samskiptavanda eða einelti er óskað eftir að skólanum sé tilkynnt formlega. Slík tilkynning undirstrikar samfélagslega ábyrgð og tryggir að málið fari í farveg innan skólans. Eyðublaðið má nálgast á heimasíðu skólans og hjá skólaritara.

Ferli eineltismála:

Könnun/rannsókn

Eineltisteymið gerir foreldrum þolanda viðvart, fær fram þeirra sjónarmið og óskar eftir frekara samstarfi við lausn málsins. Ennfremur er beðið um að fylgst verði með líðan þolanda. Eineltisteymið leitar eftir frekari upplýsingum frá kennurum, starfsfólki skólans, foreldrum og nemendum og skráir með formlegum hætti.

Eineltisteymið heldur fundi með kennurum og starfsmönnum sem annast viðkomandi nemanda. Starfsmönnum er gert að fylgjast með þolanda og geranda í ákveðinn tíma og halda skrá yfir það sem þeir verða varir við. Málið getur verið flóknara en virtist í fyrstu og ýmislegt verið undirliggjandi sem hefur áhrif á aðila málsins.

Eineltisteymið safnar saman skráningum og metur eðli máls og aðstæður í samráði við foreldra þolanda.

Ef um einelti er að ræða eða ástæða þykir til frekari aðgerða verður framhald á málinu.

Í könnun málsins er þess gætt að trufla ekki samskipti og hegðun nemenda. Með því er reynt að fá sanna mynd og upplýsingar um raunveruleika máls. Er það metið hverju sinni hvort og hvenær í framvindunni ástæða þykir að kalla fleiri foreldra og nemendur til samstarfs.

Framhald. Uppbygging, stuðningur og gæsla.

Eineltisteymið fær foreldra málsaðila á fund og upplýsa um eðli og stöðu málsins. Þeir virkjaðir í sameiginlegri áætlun.

Eineltisteymi skólans gerir áætlun, kynnir fyrir málsaðilum og virkjar þá til þátttöku. Áætlunin felur í sér hvernig leita skal lausna í málinu. Samkomulag um aðgerðir og tímatakmörk. Aðilar staðfesta þátttöku með undirskrift.

Ef áætlun gengur ekki upp er staðan endurmetin. Hugsanlega er gerð ný áætlun eða málið fer í meðferð hjá öðrum aðilum.

Eftirfylgd:

Eftirfylgd felur m.a. í sér regluleg viðtöl við málsaðila eins lengi og þurfa þykir. Málinu þarf að ljúka með formlegum hætti þ.e. með undirskrift málsaðila.

Aðgerðaráætlun Hvolsskóla í eineltismálum sem og tilkynningareyðublað má finna á heimasíðu skólans www.hvolsskoli.is

Áfalla- og rýmingaráætlun

http://hvolsskoli.is/assets/baeklingar/afallaaetlun_hvolsskola.pdf

Jafnréttisáætlun

http://hvolsskoli.is/assets/aaetlanir/jafnrettisaaetlun_hvolsskola.pdf

Forvarnarstefna

http://hvolsskoli.is/assets/PDF/forvarnaraetlun_hvolsskola_texti.pdf

http://hvolsskoli.is/assets/PDF/forvarnaraetlun_hvolsskola.pdf

Öryggis- og slysavarnir

Öryggisráð starfar við skólann og hefur það með höndum að halda rýmingaráætlanir og fylgjast með að húsbúnaðaru og annað sé samkvæmt öryggisreglum. Öryggisráð gerir reglulega áhættumat og vinnur aðgerðaráætlun út frá því. Ráðið fylgir einnig eftir að úrbætur séu gerðar.

Móttöku og tilfærsluáætlun

Móttökuáætlanir og tilfærsluáætlanir eru birtar á heimasíðu Hvolsskóla.

<http://hvolsskoli.is/skolinn/aaetlanir/>

Innra mat

Sjálfsmatsnefnd gefur ár hvert úr skýrslu með niðurstöðum kannana en kynnr þær jafnframt jafnóðum fyrir aðilum. Í kjölfar skýrslunnar er gefin út úrbótaáætlun. Skýrslurnar má nálgast á heimasíðu skólans:

<http://hvolsskoli.is/?c=webpage&id=65&lid=60&pid=42&option=links>

Agamál

Eins og fram er komið starfar skólinn undir merkjum Uppeldis til ábyrgðar og ART og er fókus þar settur á að nemendur taki ábyrgð á hegðun sinni og atferli. Skólareglur Hvolsskóla er að finna í starfsáætlun skólans.

Tengsl við nærsamfélagið

Oft er talað um að skólinn sé hjartað í hverju samfélagi og sennilega ekki fjarri lagi að ætla það. Mikið og gott samstarf hefur verið milli aðila skólans og samfélagsins í gegnum tíðina. Má þar nefna:

- Starfsval – nemendur geta valið í valtímum að fara í fyrirtæki, kynnast og taka þátt í starfseminni þar.
- Starfskynningar – nemendur 10. bekkjar velja fyrirtæki/stofnanir til að heimsækja á starfskynningardögum, bæði innan samfélagsins og utan þess.
- Heimsóknir í fyrirtæki – Nemendum skólans og starfsmönnum er hvarvetna vel tekið þegar farið er í heimsóknir í fyrirtæki til að kynnast starfsemi þar.
- Aðilar úr samfélagi bjóða upp á valáfanga á elsta stigi í sínu fagi.
- Ýmiskonar stuðningur við starfið, s.s. heimsóknir, gjafir, lán á hesthúsum, stykir frá fyrirtækjum.